



Afríka 20:20 –
félag áhugafólks um málefni Afríku sunnan Sahara
ÁRSSKÝRSLA 2020

Aðalfundur Afríku 20:20 var haldinn 11. mars 2020 á Café Haítí við Geirsgötu 9, Reykjavík, fáeinum dögum fyrir sett samkomubann. Á aðalfundinn mættu 10 félagsmenn og gestir, stjórn meðtalin. Gengið var til venjubundinna aðalafundarstarfa skv. lögum félagsins og kosin eftirfarandi stjórn:

<i>Formaður:</i>	Geir Gunnlaugsson
<i>Ritari:</i>	Stefán Kristmannsson
<i>Gjaldkeri:</i>	Magnfríður Júlíusdóttir
<i>Meðstjórnendur:</i>	Hulda Gunnarsdóttir Jón Geir Pétursson Karl Fannar Sævarsson
<i>Varamenn:</i>	Nelson Vaz da Silva Jite Brume
<i>Málstofunefnd:</i>	Birna Halldórsdóttir
<i>Skoðunarmaður reikninga:</i>	Anna Katrín Árnadóttir

Vegna COVID-19 faraldursins var lítið um formlegt starf félagsins en í desember hófust fundir með fjarskiptabúnaði á Zoom. Þrátt fyrir að óformlegum samskiptum stjórnarlima félagsins hafi einnig verið takmörkunum háðar var stjórn vakandi við að að auglýsa tilfallandi viðburði tengda menningu Afríku á samfélagsmiðlum eftir því sem við átti og skiptast á upplýsingum sín á milli. Alls voru fjórir formlegir stjórnarfundir á starfsárinu en engar málstofur.

Félagsmenn

Einstaklingar á útsendingarlista Afríku 20:20 eru nú 190 talsins og fá reglulega upplýsingar um starfsemi félagsins. Listinn byggist upp á formlegum umsóknum einstaklinga til að gerast félagsmenn og svo einstaklingum sem hafa sýnt starfsemi félagsins áhuga, t.d. með því að sækja málstofur og aðra viðburði félagsins. Félagið hefur einnig komið upp hópi á Fésbókinni og er nú með 579 vini skráða. Í allt borguðu 18 félagsmenn árgjald fyrir 2020.

Vorball félagsins

Árlegu vorballi Afríku 20:20 var frestað árið 2020 vegna farsóttarinnar.

Opinber skráning félagsins

Á starfsárinu var unnið að því að uppfæra skráningu félagsins samkvæmt nýjum lögum Alþingis nr.119/2019. Félagið er nú löglega skráð sem „félag til almannaheilla með starfsemi yfir landmæri“.

Bókarútgáfa

Í lok starfsárs 2019 var bók félagsins, „Afrika sunnan Sahara í brennidepli“ frá 2007, gefin út í stafrænni útgáfu (opinvisindi.is/AfrikasunnanSahara). Í því sambandi var haft samband við öll skólabókasöfn landsins og vakin athygli á betra aðgengi nemenda að þessu efni sem stendur enn undir sínu við að gefa skemmtilega mynd af álfunni.

Á starfsárinu var ákveðið að fylgja þessari bók eftir með Afrika sunnan Sahara II. Til þess að gera útgáfu annars bindis bókarinnar mögulega var sótt um styrk til Utanríkisráðuneytisins fyrir félagasamtök í þróunarsamvinnu til verkefna í flokki fyrir kynningar og fræðsluefni í janúar 2021. Umsóknin var samþykkt og styrkur uppá 3 milljónir hefur verið veittur til útgáfunnar.

Heimasíða Afríku 20:20

Heimasíða félagsins hefur því miður ekki nýst félaginu á þann hátt sem hugur stóð upphaflega til. Stjórn hefur ákveðið að halda áfram með lénið www.afrika2020.is og hefur sett í gang vinnu við að endurbæta heimasíðuna. Sem liður í þessu átaki er félagið einnig komið með twitter reikning (????).

Komandi starfsár

Nokkrar hugmyndir eru komnar fram um veigamikil verkefni á komandi starfsári:

1. Undirbúningur að útgáfu nýrrar bókar um málefni Afríku sunnan Sahara.
2. Málstofur með fjarfundabúnaði.
3. Endurhönnun á heimasíðu félagsins.
4. Aukin rafræn miðlun upplýsinga.

Reykjavík, 17. mars 2021
Fh stjórnar

Geir Gunnlaugsson formaður